



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 26. janúar 2024

2401031SA FHS
Málalykill: 00.64

Efni: Áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - óskað umsagnar

I. Inngangur

Í samráðsgátt stjórnvalda er að finna áformaskjal um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Í samráðsgátt kemur fram að markmið laganna sé að auka skýrleika þeirra með markmiðsákvæði, auk þess sem heimila á uppbyggingu varnarvirkja vegna atvinnusvæða, skerpa á hlutverki Veðurstofu Íslands og gera frekari breytingar í ljósi reynslu af beitingu laganna hingað til.

II. Umsögn

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur um árabíl beitt sér fyrir því að gerðar yrðu breytingar á fyrirkomulagi og skipulagi ofanflóðavarna. Í stefnumörkun sambandsins kemur fram:

8.24 Sambandið beiti sér fyrir því að markaðar tekjur til ofanflóðavarna verði að fullu nýttar í slík mannvirki svo unnt verði að hraða uppbyggingu og mæta nýjum árskorunum vegna loftlagsbreytinga. Jafnframt taki ríkið aukna ábyrgð á viðhaldi ofanflóðamannvirkja.

Sambandið fagnar því markmiði sem fram kemur í áformaskjali þar sem fjallað er um að viðhald á varnarvirkjum skuli einnig vera á ábyrgð Ofanflóðasjóðs. Áskilinn er réttur til þess að gera frekari athugasemdir við það fyrirkomulag þegar frumvarpstexti liggur fyrir.

Sambandið telur að skerpa þurfi á nýtingu þess fjármagns sem rennur í Ofanflóðasjóð. Skerpa þurfi á málsmeðferð og hraða uppbyggingar til þess að það fjármagn sem til staðar er nýtist til þeirra verkefna sem það á að gera. Er ítrekuð sú afstaða sem komið hefur verið á framfæri á undanförunum árum hvað það varðar. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar virðist starfsemi sjóðsins ekki breytast og virðist því nauðsynlegt að gera breytingar á lögnum til þess að fjármagn sjóðsins nýtist til þeirra verkefna sem það á að nýtast til.

Stærstur hluti fyrirhugaðra breytinga sem lýst er í áformaskjali virðast gagnlegar og mikilvægt að endurskoða fyrirkomulag og stjórnslu er tengist ofanflóðavörnum með reglubundnum hætti. Slíkt verklag er til fyrirmyndar í grunninn. Mikilvægt er að enginn vafi sé á því að heimilt sé að verja atvinnusvæði jafnt sem íbúabyggð. Í því sambandi er nauðsynlegt að minnst sérstaklega á hafnir landsins sem í einhverjum tilvikum eru á hættusvæðum en gegna mikilvægu hlutverki, s.s. þegar snjóflóð eða aurskriður verða til þess að flytja fólk af svæðinu. Sambandið bendir á

að einstök sveitarfélög hafa bent á, í samráðsgátt þegar kynning átti sér stað á skýrslu um mat á þörf fyrir varnarvirki og viðbúnað vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum á Íslandi, að lögð verði áhersla á að lokið sé við að verja íbúabyggð á hættusvæðum áður en hafist er handa við að verja atvinnusvæði. Hagsmunamat þarf þó auðvitað að fara fram hverju sinni við forgangsröðun varnarvirkja og mikilvægt að forgangsröðun uppbyggingar verði unnin í nánu samráði við umrædd sveitarfélög.

Í áformaskjali er einnig fjallað um nánari skilgreiningu á hlutverki Veðurstofu Íslands. Er áformað að Veðurstofa hafi eingöngu eftirlitsskyldur hvað varðar hættu á ofanflóðum í þéttbýli. Miðað við ákvæði núgildandi laga er verið að minnka eftirlitsskyldu Veðurstofu Íslands í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóðahætta er til staðar. Sambandið telur varhugavert að takmarka þetta hlutverk, enda geta gerst alvarlegir atburðir innan sveitarfélaga, s.s. á stofnvegum þar sem ofanflóð geta valdið verulega tjóni á ökutækjum sem og mannlífum. Mikilvægt er að þétt samráð verði við þau sveitarfélög sem eru á hættusvæðum í tengslum við þessa skerðingu á þjónustu. Áskilinn er réttur til þess að fjalla nánar um fyrirhugaða breyting þegar frumvarpstexti liggur fyrir.

Hið sama á við um fyrirhugaðar tillögur um takmarkanir á skipulagi sveitarfélaga á hættusvæðum. Skipulagsvald sveitarfélaga er ein af grunnstoðum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga og allar takmarkanir á því þarf að vinna í nánu samráði við bæði sambandið og þau sveitarfélög sem eru á skilgreindum hættusvæðum. Sambandið telur forsvaranlegt að einhverjar takmarkanir geti verið á skipulagi svæða á skilgreindum hættusvæðum. Mikilvægt sé að slíkar reglur séu skýrar og fyrirsjáanlegar fyrir bæði almenning, fyrirtæki sem og skipulagsyfirvöld.

Í áformaskjali er fyrirhuguð sérstök heimild til handa sveitarstjórnnum til þess að gera tillögu til Ofanflóðanefndar um uppkaup húsnæðis ef varnarframkvæmdir hafa áhrif á viðkomandi eign. Mótun á þessari fyrirhuguðu heimild til handa sveitarstjórnnum þarf að vera í nánu samráði við sveitarfélög á hættusvæðum og er sambandið jafnframt tilbúið til samráðs um þær tillögur þegar nánara orðalag liggur fyrir í frumvarpsdrögum. Mikilvægt er jafnframt að mótað verði verklag hjá ofanflóðanefnd sem og viðmið sem miða eigi við þegar teknar eru til afgreiðslu slíkar beiðnir frá sveitarstjórnnum. Ef raunin verður sú að stefnt verði að umtalsverðum uppkaupum á atvinnuhúsnæði bendir sambandið á að mótvægisáðgerðir gætu þurft að fylgja til þess að tryggja að uppkaup atvinnuhúsnæðis ógni ekki atvinnuöryggi í þeim þéttbýliskjörnum sem eru staðsettir á hættusvæðum.

Í áhrifamati sem fylgir áformaskjali kemur fram að gert sé ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif af fyrirhuguðum breytingum almennt verði takmarkaðar eða engar. Hið sama kemur fram hvað varðar sveitarfélög. Þó kemur fram að unnið verði að áhrifamati með sambandinu. Í þessu tilliti er mikilvægt að gera sér grein fyrir að með frumvarpinu er fyrirhugað að auka útstreymi úr Ofanflóðasjóði, með því að hann beri einnig kostnað af viðhaldi varnarvirkja. Gera þarf greiningu á því hvað slíkt geti þýtt fyrir framtíðaruppbyggingu varnarvirkja á hættusvæðum og þá hvort gera þurfi einhverjar breytingar á fjármögnun Ofanflóðasjóðs til þess að varnarvirki verði byggð upp með markvissum og skjótum hætti.

II. Niðurlag

Samband íslenskra sveitarfélaga er tilbúið til samráðs við mótun frumvarpsins, enda hefur frumvarpið að meginstefnu til áhrif á þau sveitarfélög og íbúa þeirra sem búa á eða við hættusvæði vegna ofanflóða. Þar sem ekki liggja fyrir nákvæmari tillögur eða drög að frumvarpi er allur réttur áskilinn til þess að gera frekari athugasemdir þegar frumvarpsdrög berast sambandinu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur